



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 30/2011 varðandi endurskoðun á gjaldskrá  
kóparheimtauga, stofngjalda og aðgangs að tengigrindum**

**(markaður 11, nú markaður 4)**

**30. nóvember 2011**

**EFNISYFIRLIT**

	<b>Bls.</b>
1. Inngangur.....	4
1.1 Ákvörðun PFS nr. 26/2007.....	4
1.2 Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining.....	5
1.3 Ákvörðun nr. 13/2009 .....	6
1.4 Gjaldskrá Mílu.....	7
1.4.1 Koparheimtaugar .....	7
1.4.2 Stofngjöld .....	7
1.4.3 Aðstaða í tengigrindum .....	8
1.5 Málsatvik .....	8
2. Niðurstaða PFS.....	10
2.1 Almennt .....	10
2.1.1 Kostnaðargreining Mílu.....	10
2.1.2 Afstaða PFS.....	11
2.2 Ávöxtunarkrafa fjármagns.....	13
2.2.1 Kostnaðargreining Mílu.....	13
2.2.2 Afstaða PFS.....	14
2.3 Rekstrarkostnaður.....	19
2.3.1 Kostnaðargreining Mílu.....	19
2.3.2 Afstaða PFS.....	19
2.4 Fjárfestingarkostnaður.....	21
2.4.1 Kostnaðargreining Mílu.....	21
2.4.2 Afstaða PFS.....	22
2.5 Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum (e. working capital).....	23
2.5.1 Kostnaðargreining Mílu.....	23
2.5.2 Afstaða PFS.....	23



2.6	Línufjöldi.....	24
2.6.1	Kostnaðargreining Mílu.....	24
2.6.2	Afstaða PFS.....	24
2.7	Stofngjöld og gjald fyrir aðgang að tengigrind .....	24
2.7.1	Kostnaðargreining Mílu.....	24
2.7.2	Afstaða PFS.....	26
2.7.3	Breyting á gjaldskrá stofngjalda.....	28
2.7.4	Afstaða PFS.....	28
2.8	Samandregin niðurstaða .....	28
2.8.1	Kostnaðargreining Mílu.....	28
2.8.2	Afstaða PFS.....	29



## 1. Inngangur

### 1.1 Ákvörðun PFS nr. 26/2007

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007, dags. 21. desember 2007, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Umræddur markaður samsvarar markaði 11 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004 (markaður 4 í tilmælum ESA frá árinu 2008). Fram kom að markaðurinn næði yfir:

- heimtaugar á koparlínupari
- heimtaugagreinar
- skiptan aðgang

Fram kom að heimtaug væri heiti notað um símalínu sem tengir nettengipunkt hjá notanda við tengigrind símsstöðvar eða sambærilegan búnað. Koparheimtaugar væru í flestum tilvikum tveggja eða fjögurra víra koparlínur og þjónuðu hver fyrir sig einum viðskiptavini. Jarðstrengir sem lægju frá símsstöðvum gætu verið með allt að 1000 koparlínum eða meira í einstaka tilfellum. Stærstu jarðstrengirnir væru lagðir út frá símsstöðvunum en eftir því sem lengra drægi frá símsstöð greindust strengirnir oftast í minni strengi. Síðasta spottann frá götuskáp inn í hús væru lagðir strengir með fáeinum línum nema þegar um væri að ræða fyrirtæki, stofnanir eða stór fjölbýlishús. Dæmi væru um að radíósambönd hefðu verið notuð í stað koparlína til þess að veita einstökum sveitabæjum símaþjónustu.

Smásölupjónusta sem reiddi sig á aðgang að heimtaug, ýmist fullan aðgang eða skiptan, gæti verið ein af eftirfarandi:

- Talsímaþjónusta og gagnaflutningur með upphringimótöldum.
- Samnetsþjónusta (ISDN).
- Bandbreiður gagnaflutningur, þ.m.t. Internet.
- Leigulínur.

Þá kom fram að PFS hefði með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Á grundvelli niðurstöðu umræddrar markaðsgreiningar hefði PFS ákveðið að útnefna Mílu ehf. (Mílu) með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum og leggja viðeigandi kvaðir á fyrirtækið.

PFS ákvað að leggja á Mílu skyldu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum og þjónustu á heildsölustigi. Jafnframt voru lagðar á kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Mílu var gert skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Míla skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga á gjaldskrá og skyldi hún vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu.



Markmið fjarskiptalöggjafarinnar og PFS með markaðsgreiningunni væri að greina stöðu samkeppni á fjarskiptamarkaði og leggja á viðeigandi kvaðir til að efla samkeppi, væri hún ekki talin vera nægjanlega virk, eins og niðurstaðan á umræddum markaði gæfi til kynna.

Eftirfarandi kvaðir voru lagðar á Mílu í tengslum við leigu á koparheimtaugum í heildsölu (markaður 11):

1. Kvöð um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að heimtaugum og þjónustu á heildsölustigi.
2. Kvöð um að gæta jafnræðis við leigu koparheimtauga. Míla skyldi veita öllum leigjendum heimtauga, þ.m.t. eigin deildum og tengdum fyrirtækjum, þjónustu með sömu skilmálum, afgreiðsluhraða, verðum, gæðum og framboði.
3. Kvöð um að viðhafa gagnsæi við leigu koparheimtauga. Míla skyldi m.a. birta opinberlega viðmiðunartilboð um heimtaugar sem yrði viðhaldið og uppfært eftir þörfum og lagt fyrir PFS til samþykktar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar um markað 11.
4. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað með því að skilja rekstur koparheimtauga frá öðrum rekstri í bókahaldi félagsins. Jafnframt skyldi aðskilja fjárfestingar í koparheimtaugakerfinu frá öðrum fjárfestingum Mílu. Míla skyldi fyrir 1. apríl árlega afhenda PFS álitsgerð sem innihéldi upplýsingar og yfirlit vegna kvaðarinnar um bókhaldslegan aðskilnað.
5. Kvöð um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Gjaldskráin skyldi vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu. Míla skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga á heimtaugaleigu, eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar um markað 11.

## 1.2 Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining

Skylda Mílu til að kostnaðargreina verð fyrir heimtaugaleigu byggist á kvöðinni um eftirlit með gjaldskrá og styðst einnig við kvöðina um aðgang og bókhaldslega aðgreiningu.

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS kvöð á Mílu um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu skyldi byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt má krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.



- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Þegar aðgangur skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skal sá greiða grunnverðið sem hefur aðgang að neðra tíðnisviði á koparheimtauginni en hinn greiðir aukagjaldið.

Grunnverð koparheimtauga skal miðast við árlegan rekstrarkostnað heimtaugakerfisins um land allt sem skal byggja á sögulegum kostnaði. Við árlegan rekstrarkostnað er heimilt að bæta afskriftum af fjárfestingum sem ekki er búið að afskrifa og hæfilegum hagnaði að mati PFS. Niðurstaðan skal gilda sem meðalgrunnverð fyrir landið allt. Aukagjaldið fyrir skiptan aðgang skal miðast við viðbótarkostnað Mílu af því að veita skiptan aðgang.

Allar breytingar á gjaldskrá Mílu vegna heimtaugarleigu þarf að tilkynna til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

Í samræmi við 3. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS þá kvöð á Mílu að gera kostnaðarlíkan fyrir heimtaugar sem sýni hvernig kostnaðarliðir eru heimfærðir á mismunandi kostnaðarbera og staði. Jafnframt áskildi PFS sér þann möguleika að nota heimild laganna til að taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar hvort hentugra væri að styðjast við LRIC<sup>1</sup> aðferð frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár. Míla skyldi ljúka gerð kostnaðarlíkansins eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar nr. 26/2007.

Kvöð var lögð á Mílu um að færa kostnaðarbókhald yfir rekstur koparheimtauga sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði. Skyldi Míla afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar væru til að úthluta kostnaði og skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðanda um að samræmi sé á milli lýsingar Mílu og útfærslu í bókhaldskerfi.

Kvöðin um kostnaðarbókhald styður við kvöðina um að gjaldskrá taki mið af kostnaði og er nauðsynleg við framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði og getur stutt eftirlit með jafnræði.

### 1.3 Ákvörðun nr. 13/2009

PFS tók ákvörðun nr. 13/2009 varðandi kostnaðargreiningu fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum, dags. 17. júlí 2009. PFS samþykkti kostnaðargreiningu Mílu sem byggði á kostnaðargrunni ársins 2008 með nánar tilgreindum breytingum. Niðurstaða stofnunarinnar var að mánaðarlegt grunnverð heimtaugar væri 916 kr. (neðra tíðnisvið) og fyrir skiptan aðgang 302 kr. (efra tíðnisviðið), alls væri því gjald fyrir fullan aðgang 1.218 kr. sem væri 6,18% hækkun frá þáverandi gjaldskrá. Heimilaði stofnunin Mílu að miða við ofangreind verð frá og með 1. september 2009.

Míla kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin staðfesti niðurstöðu PFS með úrskurði nr. 4/2009, dags. 15. janúar 2010, að öðru leyti en því að taka

---

<sup>1</sup> Langtíma viðbótarkostnaður



skyldi tillit til fjármagnskostnaðar vegna veltufjárbindingar sem næmi meðalstöðu birgða vegna reksturs og uppbyggingar aðgangsnetsins. Með bréfi dags. 25. janúar staðfesti PFS uppfærða kostnaðargreiningu Mílu með framangreindum breytingum. Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug skyldi vera 1.223 kr. á mánuði án vsk., þar af skyldi grunnverð vera 920 kr. og verð fyrir skiptan aðgang 303 kr. og heimilaði stofnunin Mílu að hækka gjaldskrána frá og með 1. mars 2010.

## 1.4 Gjaldskrá Mílu

### 1.4.1 Koparheimtaugar

Gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu við birtingu ákvörðunar þessarar er sem hér segir.

<i>Grunnverð og tegund aðgangs</i>	<i>Mánaðargjald</i>
Grunnverð fyrir heimtaug *	920
Fullur aðgangur að heimtaug	1.223
Skiptur aðgangur að efra tíðnisviði heimtaugar	303

\*Ávallt er innheimt grunnverð fyrir aðgang að heimtaug.

Til frekari upplýsinga eru í eftirfarandi töflu sýndar hækkanir á verði heimtauga frá árinu 2001.

<i>Dags.</i>	<i>Neðra tíðnisvið</i>	<i>Skiptur aðgangur</i>	<i>Fullur aðgangur</i>	<i>Hækkun í %</i>
2.1.2001	757	250	1.007	
1.12.2002	825	272	1.097	9,0%
1.4.2005	862	285	1.147	4,5%
1.9.2009	916	302	1.218	6,2%
1.3.2010	920	303	1.223	0,4%

### 1.4.2 Stofngjöld

<i>Kaflí nr.</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Verð kr./tenging</i>
7.1	Heimtaug - stofngjald	2.950
7.1	Heimtaug - flutningur númers	2.040
7.1	Heimtaug - stofngjald nýttenging	2.155
7.2	Heimtaug - stofngjald	2.950
7.2	Heimtaug - stofngjald nýttenging	2.155
7.3	Heimtaug - stofngjald	2.950
7.4	Flutningur þjónustu á aðra heimtaug	2.155



### 1.4.3 Aðstaða í tengigrindum

Verð fyrir aðgang að kopartengigrind 760 kr. á mánuði án vsk. fyrir hverjar 100 línur.

## 1.5 Málsvik

Með bréfi, dags. 18. maí 2011, barst stofnunni erindi frá Mílu, þar sem þess var óskað að stofnunin samþykkti hækkun á stofngjöldum heimtauga sem næmi um [...] millj. kr. á ársgrundvelli eða sem næmi [...]% að meðaltali. Míla benti á að gjaldskráin hefði verið óbreytt að mestu frá opnun aðgangs að heimtaugum eða frá árinu 2000.

Jafnframt lagði fyrirtækið til að gjaldskráin yrði samræmd og einfölduð. Gjaldið yrði [...] kr. í stað mismunandi gjalda sem í gildi væru eða 2.950 kr. ([...]% hækkun) ef um væri að ræða flutning á efra tínisviði, 2.040 kr. ([...]% hækkun) á neðra tínisviði og 5.105 kr. vegna nýttengingu ([...]% lækkun).

Að mati Mílu hefði þessi breyting ekki áhrif á verð fyrir koparheimtaugar þar sem tekjur væru lægri á árinu 2010 en á árinu 2008 sem að PFS reiknaði út að fyrirtækið ætti að fá að mati Mílu.

Með bréfi, dags. 24. maí 2011, barst erindi frá Mílu, þar sem þess var óskað að stofnunin samþykkti hækkun á verði fyrir aðgang að tengigrindum, þ.e. leiga á tengipunktum (100 stk. í einu). Fram kom að kostnaður Mílu af tengigrindum byggðaða að stærstum hluta á húsaleigu og viðhaldi á tengigrindum. Kostnaður við tengihausa og tengivinnu væri alfarið á kostnað viðskiptavinar og ekki hluti leiguverðsins.

Heildarkostnaður á ársgrundvelli væri [...] millj. kr. eða sem samsvarar [...] millj. kr. hækkun frá núverandi kostnaði á ári. Fjöldi 100 línu tengipunkta á tengigrindum Mílu væri [...] (þar af [...] stk. eigin notkun) og því kostnaður á mánuði [...] kr., en núverandi verð væri 760 kr. Hækka þyrfti því verð um [...] millj. kr. á ársgrundvelli eða sem samsvaraði [...]% hækkun frá núverandi verði.

Með tölvupósti, dags. 7. júlí 2011, sendi PFS Mílu fyrirspurn um skýringu á því ósamræmi sem virtist vera í núverandi verðum hjá fyrirtækinu og ákvörðun PFS nr. 1/2009.

Einnig fór PFS fram á að Míla sendi forsendur á bak við [...] kr. gjaldsins til samstarfsaðila og útreikninga vegna [...] kr. kostnaðar Mílu.

Með tölvupósti, dags. 8. júlí 2011, sendi PFS Mílu frumniðurstöðu sína vegna ofangreindra erinda frá 18. maí og 24. maí sl., en þar kom eftirfarandi fram.

### Breyting á stofngjöldum heimtauga

Kostnaður vegna stofngjalda væri ekki aðgreindur sérstaklega í rekstri og fjárfestingu Mílu vegna koparheimtauga á sínum tíma (sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2009).

---

<sup>2</sup> Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.





Að mati PFS væri óhjákvæmilegt að greina kostnað vegna heimtaugaleigu og stofngjalda á sama tíma. Því teldi PFS ekki forsendur fyrir stofnunina að taka afstöðu til erindis Mílu, dags. 18. maí sl. PFS teldi nauðsynlegt að Míla legði fram endurskoðaða kostnaðargreiningu fyrir heimtaugar við fyrsta tækifæri þar sem m.a. kæmi fram sundurgreining á kostnaði í samræmi við sundurgreiningu á verðskrá í 7. töl. Viðauka 1a í RUO í samræmi við ákvörðun PFS nr. 1/2009.

### **Nýtt verð fyrir aðgang að tengigrindum**

PFS teldi jafnframt ekki rétt að blanda saman kostnaði við upptengingu og niðurtöku við leigukostnað tengigrinda þar sem slíkur kostnaður tilheyrði stofngjöldum, sem gjaldskrá stofngjalda á hverjum tíma skyldi endurspegla.

Til að taka afstöðu til erindis Mílu, dags. 24. maí sl. vegna aðgangsverðs að tengigrindum, þyrfti PFS nánari greiningu á liðnum „Húsaleiga“, um [...] millj. kr. Þar kæmi m.a. fram reikniregla fyrir leigurémi tengigrinda, rémi á hverjum stað, hlutdeild í heildarrými á viðkomandi stað, leiguverð per fm. og alls á hverjum stað.

Með bréfi, dags. 25. ágúst sl., sendi Míla endurskoðað og leiðrétt erindi um breytingu á gjaldskrá fyrir stofngjöld og aðgang að tengigrindum, ásamt kostnaðargreiningu fyrir leigu á koparheimtaugum. Þar kom m.a. fram að gjaldskrá fyrir stofngjöld þyrfti að hækka um [...] % að meðaltali, gjaldskrá fyrir aðgang að tengigrindum um [...] % og heimtaugaleiga um [...] %.

Nánar er gerð grein fyrir einstökum atriðum í greiningu Mílu og afstöðu stofnunarinnar í viðeigandi köflum hér á eftir, s.s. um línufjölda, fjárfestingu, ávöxtunarkröfu, rekstrarkostnaði, auk umfjöllunar sem lýtur að málsmeðferðartíma o.fl.

Eftirfarandi kemur fram hjá Mílu um forsendur kostnaðargreiningar félagsins:

- Greining á heimtaugum er unnin á sama hátt og síðasta kostnaðargreining á heimtaugum sem miðaðist við árið 2008.
- Miðað er við [...] % WACC hlutfall, sem að mati Mílu er algjört lágmark fyrir WACC.
- Fjárfestingar eru reiknaðar á sama hátt og PFS reiknaði í fyrri greiningu, þrátt fyrir að Míla samþykki eftir sem áður ekki aðferðarfræðina.



## 2. Niðurstaða PFS

### 2.1 Almennt

#### 2.1.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kemur fram í erindi Mílu, dags. 25. ágúst sl.:

*„Míla getur ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við þau vinnubrögð PFS að taka sér 7 vikur í að fara yfir ósk Mílu um breytingar á stofngjöldum heimtauga þegar niðurstaðan er sú að stofnunin telur sér ekki fært að taka afstöðu til erindisins nema Míla leggi fram endurskoðaða kostnaðargreiningu fyrir heimtaugar. Míla telur að stofnunin sé með þessum hætti að tefja málið úr hófi og að stofnunin hefði átt að svara erindinu eins fljótt og unnt var til þess að Míla gæti hafist handa um að uppfylla kröfur PFS. Míla bendir á að stofngjöld eru aðeins um [...] % heildartekna af heimtaugum og því ljóst að ekki er um slíka verðbreytingu að ræða að hún hafi veruleg áhrif á mánaðargjald fyrir heimtaugar. Auk þess er í raun varla hægt að gera greiningu nema vita hver stofngjöldin og gjald fyrir aðgangi að tengigrind munu verða þar sem þau hafa áhrif á það hvert mánaðargjaldið verður.*

*Í samræmi við óskir PFS leggur Míla hér fram endurskoðaða greiningu á heimtaugum, sjá síðar í þessu bréfi. Míla leggur áherslu á að PFS taki sér ekki marga mánuði í að endurskoða verð fyrir heimtaugar sem leiði það að verkum að ákvörðun um breytingu stofngjalda teffist að sama skapi. Slíkur framgangur er óviðunandi að mati Mílu. Það er staðreynd að hingað til hefur PFS tekið allt frá 7 mánuðum (hýsing) upp í 2 ár (stofnnet) að endurskoða verð. Míla hefur sýnt ómælda þolinmæði við að bíða eftir niðurstöðum, enda hefur fyrirtækið skilning á því að það tekur tíma að fara yfir greiningar. Nú hefur stofnunin lokið yfirferð á öllum mörkuðum sem Míla starfar á og væntir Míla þess að þessi langa bið eftir ákvörðun sé liðin tíð, enda hefur stofnunin sjálf haldið slíku fram við úrskurðarnefnd fjarSKIPIA- og póstmála, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar nr. 4/2009: „Að mati PFS ætti kostnaðargreining ekki að taka lengri tíma en 5 vikur að jafnaði frá því að gögn berast og þar til verðákvörðun liggur fyrir. Engin fyrirstaða sé fyrir endurskoðun gjaldskrár með reglubundnumhætti að undangenginni athugun stofnunarinnar og að afgreiðslutími sé ekki langur, svo framarlega sem upplýsingar berist hratt og örugglega.“*

*Ef PFS stendur ekki við það sem stofnunin hefur fullyrt við úrskurðarnefnd um afgreiðslutíma er ljóst að forsendur úrskurðarnefndar um það hvort taka eigi tillit til verðlagsbreytinga eru brostnar og telur Míla að ef svo er eigi stofnunin að taka tillit til verðlagsbreytinga í ákvörðun sinni. Míla vill þó fá þessar verðbreytingar sem fyrst í gegn og gerir því ekki kröfu til þess að þessu sinni.*

*Til þess að unnt sé að reikna mánaðargjald fyrir heimtaugar, þarf að reikna fyrst stofngjald fyrir heimtaugar og aðgang að tengigrind, til að tryggja það að ekki sé um of- eða vanreikning að ræða. Hér verður því fjallað um stofngjöld heimtauga, aðgang að tengigrind*



og mánaðargjald fyrir heimtaugar í þessari röð og um leið verður svarað tölvupóstum frá PFS þann 7. og 8. júlí sl.

Til þess að teyja ekki frekar ákvörðun PFS varðandi stofngjöld heimtauga og aðgang að tengigrind er þess óskað að ákvörðun um mánaðargjöld verði tekin í sérstakri ákvörðun.“

### 2.1.2 Afstaða PFS

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11) var Mílu gert að gera kostnaðarlíkan sem sýnir hvernig kostnaðarliðir eru heimfærðir á mismunandi kostnaðarbera og staði.

Í kostnaðargreiningu Mílu sem hér er til umfjöllunar byggir á sögulegum kostnaði í samræmi við ofangreinda kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins. Kostnaðargreiningin nær til aðgangs að koparheimtaug (mánaðarleg leigugjöld), aðstöðuleigu (tengigrindur) og einskiptisgjalda (stofngjalda).

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerð nr. 564/2011<sup>3</sup>, ERG Common Position<sup>4</sup> og Commission Recommendation (2005/698/EC)<sup>5</sup> og IRG Regulatory Accounting<sup>6</sup>. Einnig verður stuðst við viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg og Ibbotson, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum.

PFS leggur jafnframt til grundvallar forsendur og aðferðafræði sem notuð var við kostnaðargreiningu á aðgangsneti Mílu í ákvörðun PFS nr. 13/2009, sem staðfest var af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála með úrskurði nr. 4/2009. Í þeirri kostnaðargreiningu var lögð ítarleg vinna í að greina einstaka þætti í rekstri og fjárfestingu koparheimtauga og tengdum búnaði, en auk þess var stuðst við kostnaðargreiningu frá árinu 2002. PFS telur að þá hafi verið lagður grunnur að gjaldskrá sem byggði á mati á hagkvæmt uppbyggðu og reknu kerfi.

Míla leggur til grundvallar rekstrarkostnað ársins 2010 á verðlagi þess árs og framreiknaða stöðu fjárfestinga á meðalverðlagi þess árs, sem er í samræmi við álit PFS. Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

Í ákvörðun þessari notar PFS heitið *aðgangsnét* sem samheiti yfir heimtaugar (markaður 11) og lúkningarluta leigulína (markaður 13). Þegar lagt er mat á árlegan rekstrarkostnað og fjárfestingu í aðgangsnnetinu þá er PFS sammála því mati Mílu að nauðsynlegt sé að greina kostnað heimtauga (markaður 11) og lúkningarluta leigulína (markaður 13) sameiginlega, þar sem mjög erfitt er að skipta kostnaði aðgangsnetsins á milli framangreindra markaða. PFS

<sup>3</sup> Reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

<sup>4</sup> ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29.

<sup>5</sup> COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

<sup>6</sup> IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.



metur því aðgangsnetið í heild, en stofnunin telur að sú aðferð að skipta kostnaði á grundvelli línuígilda hverju sinni sé best til þess fallin að aðgreina kostnað á milli viðkomandi markaða þegar þörf er á, t.d. við verðlagningu lúkningarluta leigulína. Hluti heimtaugar (markaður 11) er metinn [...]% af rekstrar- og fjárfestingarkostnaði aðgangsnetsins, en hluti lúkningarluta leigulína (markaður 13) er metinn [...]% ([...] % árið 2008) skv. þessum forsendum.

Kostnaðargrundvöllur stofngjalda og aðgangs að tengigrindum er samofin kostnaði aðgangsnetsins og því nauðsynlegt að mati PFS að greina þann kostnað samhliða greiningu á kostnaði heimtauganetsins. Auk þess kemur fram í umfjöllun PFS hér á eftir að stofnunin samþykkir ekki að öllu leyti aðferðarfræði Mílu við skiptingu sameiginlegs kostnaðar á milli stofngjalda annars vegar og aðgangs að tengigrindum hins vegar. Því hafnaði PFS beiðni Mílu um að stofngjöld heimtauga og leigugjöld vegna aðgangs að tengigrindum væru tekin í sérstakri ákvörðun.

PFS telur að ekki hafi liðið óeðlilega langur tími í yfirferð kostnaðargreininga Mílu sem lagðar voru að hluta fram í maí sl. og með heilsteyptum hætti í ágúst sl. Stofn- og aðgangsgjöld að tengigrindum hafa ekki verið kostnaðargreind frá árinu 2000 og því í raun um frumgreiningu að ræða sem kallar á lengri vinnslutíma. Frá því að upphafleg erindi Mílu voru lögð fram þá hefur Míla leiðrétt og bætt greiningar sínar, auk þess sem stofnunin hefur þurft að móta sér afstöðu til aðferðarfræði Mílu.

Fram kemur hjá Mílu að fyrirtækið telji sig hafa rétt á slíkri tengingu vegna tafa í afgreiðslu stofnunarinnar á yfirferð kostnaðargreininga félagsins fyrr og nú, og vísar í því sambandi í úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009. PFS hefur í fyrri yfirferðum á kostnaðargreiningum Mílu fjallað um höfnun stofnunarinnar á tengingu gjaldskrár við vísitölu og um túlkun Mílu á þýðingu umfjöllunar um hve langan tíma taki að fara yfir greiningar Mílu. Ekki er ástæða til að fjalla frekar um framangreint í yfirferð PFS þar sem fram kemur hjá Mílu að fyrirtækið gerir ekki kröfu um tengingu gjaldskrár við vísitölu að þessu sinni.

Í köflum 2.2 til 2.8 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í þeim koatnaðargreiningum, sem hér eru til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir heimtaugaleigu, stofngjöld og aðgangs að tengigrindum í sérstökum undirköflum. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

1. Ávöxtunarkrafa fjármagns.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Fjárfestingarkostnaður.
4. Veltufjárbinding.
5. Línufjöldi.
6. Stofngjöld og aðgangur að tengigrind
7. Samandregin niðurstaða

Hver undirkaflí er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu, og síðan afstöðu PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 2.8 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

## 2.2 Ávöxtunarkrafa fjármagns

### 2.2.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 25. ágúst sl.

*„Í nýrri reglugerð nr. 564/2011 er útreikningi á WACC hlutfalli töluvert breytt frá því sem áður var. Nú skal miðað við hagkvæma skuldsetningu og stöðu veltuffjár og –skulda og ekki er lengur ákvæði um að taka skuli tillit til frádráttarbærni skatta við útreikning á ávöxtunarkröfu skulda.*

*Samkvæmt útreikningum Mílu á WACC er hlutfallið [...]%. Reynt var að taka mið af ákvörðunum og umfjöllun PFS um WACC í fyrri greiningum. Það er þó mat Mílu að hlutfallið eigi í raun að vera hærra en ákveðið var að gera ekki ágreining að þessu sinni við PFS varðandi einstaka stuðla eins og markaðsálag og aðra áhættu (alpha) sem Míla telur þó eiga að taka tillit til.*

**Niðurstaða Mílu er eftirfarandi:**

[...]

*Áhættulausir vextir miðast við meðaltal HFF 1504 2034*

*Miðað er við sama skuldaálag og PFS miðaði við í WACC útreikningi fyrir árið 2009. Aðstæður á markaði hafa ekki breyst til batnaðar að mati Mílu og því ekki ástæða til að breyta því mati.*

*Sama á við um markaðsálag, það er metið [...]% eins og í WACC útreikningi 2009.*

*Óskuldsett beta er [...]eins og PFS mat gildið í WACC útreikningi 2009. Við skoðun Mílu á beta gildi annarra fjarskiptafyrirtækja í Evrópu er gildið [...] að mati Mílu viðeigandi.*

*Samkvæmt reglugerð skal miða við hagkvæmt hlutfall skulda í útreikningi á WACC. Í ákvörðun PFS varðandi leiguverð fyrir stofnlínur kom fram að hagkvæmt skuldahlutfall í Evrópu væri [...]%. Míla miðar hér við [...]% skuldahlutfall. Það er þó mat Mílu að þetta hlutfall sé of lágt miðað við stöðu á Íslandi. Þrátt fyrir að miða skuli við hagkvæmt skuldahlutfall þarf að mati Mílu að taka inn í dæmið raunverulegar aðstæður á markaði. Það er mat Mílu að ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir því að Míla geti náð svo hagkvæmu skuldahlutfalli miðað við aðstæður á markaði. M.ö.o. þarf að taka mið af hagkvæmu skuldahlutfalli miðað við aðstæður. Nær væri að miða við [...]% skuldahlutfall.*



*Ekki er gert ráð fyrir annarri áhættu að þessu sinni þó Míla telji þá áhættu vera fyrir hendi, sérstaklega hvað varðar „regulatory risk“ og samkeppni styrkta af opinberum aðilum.*

*Rétt er að benda á að Míla gerði ráð fyrir [...]% markaðsálagi og [...]% í aðra áhættu í virðisrýrnunarprófi fyrir árið 2010.“*

### **2.2.2 Afstaða PFS**

Í 16. gr. reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspegla tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og -skulda.

PFS getur ákveðið að gera megi mismunandi ávöxtunarkröfur fyrir einstakar rekstrareiningar fjarskiptafyrirtækis þegar reiknað er vegið meðaltal fjármagnskostnaðar. Veginn meðalkostnaður fjármagns (Weighted Average Cost of Capital) er meðaltal fjármagnskostnaðar fyrirtækis. Hann ræðst af því að hversu miklum hluta fjármunir fyrirtækis eru fjármagnaðir með lánsfé annars vegar og eigin fé hins vegar og kostnaði við það fjármagn sem notað er.

PFS telur notkun raunvaxtalíkans (WACC real) eðlilegasta við útreikning á ávöxtunarkröfu þegar fundin er árgreiðsla fjárfestinga hverju sinni. PFS metur það svo að um raunkostnað sé að ræða þegar byggt er á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu og því eigi að styðjast við raunvexti í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði. Að öðrum kosti verður niðurstaðan bjöguð þar sem verðbólga er innifalin í nafnvöxtum.

Fjárfestingar sem hafa verið færðar á kostnaðarverði eru framreiknaðar með vísitölu byggingakostnaðar. Slíkir útreikningar eru liður í mati á raunvirði fjárfestinga hverju sinni þar sem reynt er að nálgast sviptivirði eða endurkaupsverð fjárfestingarinnar á þeim tíma sem er til skoðunar. Hafi fjárfestingar verið metnar til sviptivirðis eða endurkaupsverðs eru þær metnar á verðlagi þess rekstrarárs sem verið er að greina hverju sinni. Rekstrarkostnaður er jafnframt raunkostnaður viðkomandi rekstrarárs sem hafður er til viðmiðunar um kostnað á ársgrundvelli.

PFS gengur út frá því að það verði regluleg endurskoðun á kostnaðarútreikningum og gjaldskrár endurmetnar til hækkunar eða lækkunar út frá niðurstöðu slíks endurmats.

### **WACC formúla**

Til að ákveða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) er notuð eftirfarandi formúla:



$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (D/(D+E))$$

þar sem:

$Ke$  = eiginfjáarkostnaður í prósentum

$E$  = bókfært eigið fé

$Kd$  = lánsfjáarkostnaður í prósentum

$D$  = vaxtaberandi skuldir

Tekið er tillit til skatta (post-tax):

$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (1-t) * (D/(D+E))$$

þar sem:

$t$  = tekjuskattshlutfall

Þegar reiknað er WACC fyrir skatta (pre-tax):

$$WACC (pre-tax) = WACC / (1-t)$$

### Ávöxtunarkrafa á eigið fé

PFS telur að við ákvörðun á vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC) skuli notast við CAPM líkanið (*Capital Asset Pricing Model*). Helstu rök fyrir notkun CAPM er hversu þægilegt líkanið er í notkun og gegnsætt. Það er einnig mest notaða aðferðarfræðin við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár, en það auðveldar allan samanburð.

Við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár er stuðst við CAPM líkanið:

$$Ke = Rf + \beta * (Rm - Rf)$$

þar sem:

$Rf$  = áhættulausir vextir

$Rm$  = vænt meðalávöxtun hlutabréfamarkaðar

$(Rm - Rf)$  = áhættuálag markaðar

$\beta$  = beta stuðull sem gefur til kynna áhættu viðkomandi atvinnugreinar í samanburði við markaðinn í heild

Hér fyrir neðan eru helstu breytur í CAPM líkaninu og niðurstaða PFS um hvernig stofnunin ákvarðar þær.



### Áhættulausir vextir (risk free rate)

PFS notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (*duration*) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS telur að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegli endingartíma eignanna sem um ræðir auk þess sem sá tími er almennt notaður í verðmötum á fyrirtækjum.

PFS telur rétt að nota meðaltalsvexti þess tímabils sem til skoðunar er, þ.e. eitt ár. Auk þess er litið til meðalvaxta sl. 5 ára og leiðrétt ef óeðlileg frávik koma fram við samanburð framangreindra tímabila. Aðferðinni er ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hafi óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfuna.

PFS miðar við verðtryggða skuldabréfaflokkinn HFF 1504 34, en meðalvextir þess flokks árið 2010 voru 3,50%. Þar sem vextir ársins 2010 voru mun lægri en verið hafa sl. ár telur PFS rétt að miða við 5 ára meðaltal vaxta umrædds skuldabréfaflokks, þ.e. áranna 2006-2010 sem er 4,24% og er notast við þá vaxtaprósentu í mati á áhættulausum vöxtum í eftirfarandi útreikningum á ávöxtunarkröfu Mílu vegna ársins 2010.

### Beta áhættustuðull $\beta$ (beta parameter)

Að mati PFS er nauðsynlegt að nota viðmið sambærilegra fyrirtækja erlendis, þar sem fjarskiptafyrirtæki eru ekki á hlutabréfamarkaði á Íslandi og að valin séu eins samanburðarhæf viðmið og mögulegt er. Byggist umrætt viðmið þá á meðaltali þeirrar atvinnugreinar sem verið er að skoða.

Stuðst er við Bloomberg upplýsingaveituna og miðað við Vestur-Evrópsk samanburðarfélag, sem talin eru sambærileg við Mílu. Á grundvelli framangreindar aðferðar fæst sú niðurstaða að óvoguð (*unlevered*) beta fyrir fjarskiptafyrirtæki sé á bilinu 0,3 til 0,7. Þessi framsetning, að hafa óvogaða betu á ákveðnu bili, kemur til af því að söfnin eru nokkur og jafnframt skekktu sumar breytur safnið vegna mikilla frávika frá meðaltali og miðgildum.

Er það og niðurstaða PFS að miða skuli við óvogaða betu fyrir Mílu 0,50 vegna ársins 2010 og er það í samræmi við meðaltal samanburðarfélaga. Rekstur Mílu er metinn með svipaða áhættu og að meðaltali gerist hjá erlendum fjarskiptafyrirtækjum sem eru í svipaðri stöðu og Míla á markaði.

Óvogaða betu skal voga (*levered*) miðað við viðeigandi skuldsetningu og skatthlutfall. Nánari umfjöllun um skuldsetningu og skatthlutfall er í samnefndum kafla. Óvoguð beta er voguð í samræmi við Modigliani-Miller Formula, en þá er tekið tillit til áhættu vegna skuldsetningar, auk skatthlutfalls, sbr. neðangreinda formúlu:

$$\beta_{assets} = \beta_{equity} / (1 + (1-t) * (D/E))$$

þar sem:

Beta assets  $\beta_{assets}$  jafngildir óvogaðri betu og beta equity  $\beta_{equity}$  jafngildir vogaðri betu.

### Markaðsálag (market risk premium)

PFS telur rétt miðað við þróun undanfarinna ára að markaðsálag sé á bilinu 4,5-5,5% án landsáhættu. PFS miðar við sögulegt álag áhættulausra vaxta. Þar sem álag langt aftur í





tímann er skoðað þarf mikla breytingu til lengri tíma til að hafa áhrif á markaðsálag. PFS tekur einnig tillit til BEREĆ viðmiða (benchmark) frá sl. árum og ber saman við það sem almennt gerist hér á landi.

PFS telur rétt að notast við 5,0% markaðsálag fyrir árið 2010 sem er í samræmi við framangreindar forsendur. Stofnunin endurskoðar markaðsálag árlega.

### **Vaxtaálag (specific debt premium)**

PFS hefur lagt til að notast verði við raunávöxtun eins og áður hefur komið fram. Raunvextir skulda bera síðan ákveðið vaxtaálag sem endurspeglar markaðsaðstæður hverju sinni, en ekki vaxtaálag einstakra fyrirtækja. Þetta álag er ákvarðað af PFS. PFS mun gefa út skuldaálag sem nota skal ár hvert.

Ef horft er til erlends samanburðar er algengt að álag sé á bilinu 1–2%, en hér á landi hefur verið algengara að álagið hafi verið á bilinu 2–3%.

PFS mælir fyrir um að skuldaálag vegna ársins 2010 verði í efri mörkum framangreinds bils eða 3,0%. Álagið er í samræmi við þau kjör sem fyrirtæki héraðs hafa fengið á síðustu misserum og að teknu tilliti til aðstæðna á markaði, en einnig er tekið tillit til þess að miðað er við langtímalántöku.

### **Skuldahlutfall (gearing)**

Í árslok 2010 voru vaxtaberandi skuldir Mílu 16.919 millj. kr., en eigið fé félagsins nam 3.377 millj. kr. skv. efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2010 og skuldahlutfall Mílu því um 83%.

PFS telur eðlilegt að miða skuldahlutfall á fjarskiptamarkaði við mat á skuldsetningu á viðmiðunarhópi fjarskiptafyrirtækja sem talin eru hagkvæmt rekin, auk viðmiða (target gearing) frá systurstofnunum PFS í Evrópu. Metið hagkvæmt skuldahlutfall (efficient level of gearing) er því óháð skuldsetningu viðkomandi fyrirtækis hverju sinni. Algengt er að miða við 25–35% skuldahlutfall í sambærilegum útreikningum fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu. Viðmiðunarhópur fjarskiptafyrirtækja í Evrópu sem PFS hefur tekið saman er með skuldahlutfall á bilinu 24–65%.

Niðurstaða PFS er að miða við efri mörk hagkvæms skuldahlutfalls fyrir Mílu í árslok 2010. Fyrir árið 2010 gildir því skuldahlutfallið 35% fyrir Mílu.

### **Skatthlutfall (tax rate)**

PFS telur að tekjuskatthlutfall fyrirtækja hverju sinni sé besti mælikvarðinn við útreikning á WACC. Notkun þess er mun gagnsærri og einfaldari heldur en notkun virks skatthlutfalls (*effective tax rate*). PFS hefur því í hyggju að notast við gildandi skatthlutfall á viðkomandi tímabili hverju sinni í þessum útreikningum, sem var 18% á árinu 2010.

**Niðurstaða PFS um ávöxtunarkröfu (WACC)**

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS sem lýst hefur verið hér að framan er sýndur í töflunni hér að neðan.

*Útreikningur á ávöxtunarkröfu Mílu*

---

**Ávöxtunarkrafa**

Áhættulausir vextir	4,24%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
<b>Ávöxtunarkrafa eigin fjár</b>	<b>7,84%</b>
Áhættulausir vextir	4,24%
Skuldaálag	3,00%
<b>Kostnaður skulda</b>	<b>7,24%</b>
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	18%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,94%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	7,84%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	9,57%
<b>WACC eftir skatta (post-tax)</b>	<b>7,18%</b>
<b>WACC fyrir skatta (pre-tax)</b>	<b>8,75%</b>

Mat PFS á vegnum meðalkostnað fjármagns (WACC real) fyrir Mílu er 8,75% fyrir árið 2010 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð félagsins. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.



## 2.3 Rekstrarkostnaður

### 2.3.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 25. ágúst sl.

*„Rekstrarkostnaður vegna heimtauga var eftirfarandi:*

[...]

*Eins og sjá má á töflunni hér að ofan lækkar rekstrarkostnaður án afskrifta og vaxta um rúmlega [...] m.kr. á milli árunna 2008 og 2010. Skýringuna má rekja til nokkurra þátta:*

[...].

*Rekstrarkostnaður sundurliðaður á kostnaðareiningar:*

[...]

### 2.3.2 Afstaða PFS

Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað aðgangsnets félagsins á árinu 2010 og þróun einstakra kostnaðarliða frá því að síðasta kostnaðargreining var gerð sem miðaðist við árið 2008. PFS byggir á framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

PFS hefur til hliðsjónar mat stofnunarinnar á hvað teljist eðlilegur og hagkvæmur rekstur aðgangsnetsins í samræmi við niðurstöðu stofnunarinnar í kostnaðargreiningum sem gerðar voru á árunum 2002 og 2009, þar sem nánari grein er gerð fyrir forsendum og kostnaðaruppbyggingu aðgangsnetsins.

*Rekstrarkostnaður aðgangsnetsins á árunum 2010 og 2008 (þús. kr.)*

[...]



Frá árinu 2008 hefur Míla hagrætt í rekstri sínum, sem m.a. hefur falið í sér verulega aukna útvistun verkefna. Með þeim breytingum hefur kostnaðaruppbygging félagsins breyst sem þarf að hafa í huga þegar borin eru saman einstakir kostnaðarliðir áráanna 2008 og 2010. PFS telur að Míla hafi lagt fram fullnægjandi skýringar á einstökum þáttum þar sem frávikin eru mest. PFS horfir fyrst og fremst til þróunar heildar rekstrarkostnaðar aðgangsnetsins á milli áráanna 2008 og 2010 við mat sitt. Rekstrarkostnaður hefur lækkað um [...] % á milli áráanna á sama tíma og almennt verðlag hækkaði um [...] %, en línuígildum [...] milli áráanna 2008 og 2010.

PFS er sammála Mílu um að nauðsynlegt sé að greina kostnað heimtauga (markaður 11, nú 4) og lúkningshluta leigulína (markaður 13, nú 6) sameiginlega þar sem mjög erfitt er að skipta kostnaði aðgangsnetsins á milli framangreindra markaða. Rekstur aðgangsnetsins er því metinn í heild, en eins og áður hefur komið fram telur PFS að sú aðferð að skipta kostnaðinum á grundvelli línuígilda hverju sinni sé best til þess fallin að aðgreina kostnað á milli viðkomandi markaða þegar þörf er á, t.d. við verðlagningu lúkningshluta leigulína. Kostnaður vegna leigulína er hærri vegna endabúnaðar o.fl. Því er stuðull línuígildis hærri til að veða inn aukinn kostnað vegna leigulína. Hluti lúkningshluta leigulína er [...] % (2008 [...]) af rekstrarkostnaði aðgangsnetsins og heimtauga [...] % (2008 [...]).

Inn í framangreindum kostnaðartölum aðgangsnetsins er kostnaður vegna stofngjalda heimtauga og aðgangi að tengigrindum, sem taka þarf tillit til þegar mánaðargjald heimtauga er reiknað. Nánar er fjallað um framangreint í kafla 2.7 hér á eftir.

Í útreikningum á mánaðargjaldi heimtauga styðst PFS við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2010 að upphæð [...] millj. kr. Að mati PFS hefur orðið jákvæð þróun frá árinu 2008 þar sem heildar rekstrarkostnaður hefur [...]. Við mat á heimtaugaleigu er tekið tillit til hlutdeildar leigulína í formi leiguígilda, auk þess sem kostnaður er lækkaður um samtals [...] millj. kr. vegna stofngjalda og aðgangs að tengigrindum (ytri sala) sem gjaldfært er sérstaklega fyrir skv. gjaldskrá þar um.

Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2010 sem lagður er til grundvallar útreiknings heimtaugaleigu nemi samtals [...] millj. kr. að meðtöldum kostnaði vegna aðgangshluta leigulína sem bera [...] % af þeim kostnaði og hlut Mílu í aðgangi að tengigrindum.

## 2.4 Fjárfestingarkostnaður

### 2.4.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, dags. 25. ágúst sl.

[...]

*„Miðað er við sömu aðferð og PFS notaði við kostnaðargreiningu á aðgangsneti 2009. Stofn frá 1.1.2002 er framreiknaður til meðalverðlags 2010. Miðað er við [...] % WACC hlutfall. Sé miðað við útreikninga sem Míla telur eðlilega að nota, þ.e. tekið sé tillit til raunfjárfestinga áráanna 2002 til 2010 er stofninn [...] ma.kr. en ekki [...] ma.kr. Í raun er því um fjárbindingu upp á [...] ma. kr. að ræða sem Míla fær engar tekjur af. Eins og fram kom í andmælum Mílu varðandi fjárfestingastofn koparheimtauga þá hefur Míla ekki mikið val um það hvar fjárfest er hverju sinni, þar sem það eru sveitarfélög sem ákveða hvar og hvenær skuli byggja ný hverfi. Míla telur því eðlilegt að litið verði á þessa fjárbindingu á sama hátt og birgðir, enda skiptir ekki máli hvort um birgðir á lager er að ræða eða í jörðu. Um er að ræða óhjákvæmilega fjárbindingu sem fyrirtækið þarf að fá inn fyrir.*

*Kaupverð fjárfestinga:*

[...]

*Stofn skv. aðferð Mílu:*

[...]

*Stofn fyrir kopar er fundinn þannig: [...]*

*Stofn fyrir tengigrindur: [...].*

*Mismunur á stofnverði Mílu og PFS er [...] kr. Þessi mismunur er í raun birgðir í jörðu og því reiknast fjárbinding af þessari fjárfestingu á sama hátt og birgðir á lager, enda er hér um raunverulegan útlagðan kostnað að ræða sem ekki var hægt að komast hjá eins og fram kom hér að ofan.“*



## 2.4.2 Afstaða PFS

Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmilega rekin og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins. Jafnframt segir í reglugerð nr. 564/2011 að þegar stofn fjárfestingar styðst við sögulegan kostnað skal PFS hafa til samanburðar áætlað verð fjárfestingar sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Míla notar sömu aðferð og PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 13/2009 og vísast til þeirrar ákvörðunar varðandi nánari umfjöllun um forsendur og niðurstöðu PFS.

Í ákvörðun PFS nr. 13/2009 kom fram hvaða aðferð stofnunin teldi rétt varðandi útreikning á fjárfestingum Mílu sl. 20 ár. PFS gengur út frá tölum frá Mílu yfir fjárfestingar árána 2002 til 2010 og tekur PFS tillit tekið til meðalfjárfestingar á ári miðað við stofn í árslok 2001 vegna árána 1991-2001. Eignir með 20 ára endingartíma eru metnar í samræmi við fjárfestingar á 9 ára tímabili, 2002 til 2010, en eldri fjárfestingar eru metnar sem hlutfallið 11/20 af stofni ársins 2001. Eignir með 10 ára endingartíma eru með sama hætti metnar á grundvelli fjárfestinga 2002 til 2010 auk 1/10 af stofni ársins 2001.

*Stofnverð fjárfestinga 1991 – 2010 (á verðlagi hvers árs)*

[...]

PFS hefur framreiknað fjárfestingar Mílu til verðlags ársins 2010 með meðal byggingarvísitölu (508,5) sem leið til að finna stofn fjárfestingar sem lagður er til grundvallar við mat á árgreiðslu. Framreiknaðar fjárfestingar skv. framangreindum forsendum nema alls [...] millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2010.

*Stofnverð framreiknað m.v. meðal byggingarvísitölu ársins 2010*

[...]

*Fjárfestingarstofn og líftími*

[...]

Eins og áður segir var það niðurstaða PFS að stofn fjárfestinga hafi verið metinn hagkvæmur í greiningu sem gerð var árið 2002, m.t.t. fjölda lína í notkun á þeim tíma og skapaði þar með þann grunn sem aðferðarfræði útreiknings gjaldskrár byggir enn á. Ljóst er skv. framangreindum útreikningum að stofn fjárfestingar Mílu á árinu 2010 er um [...]% frá framreiknuðum stofni ársins 2001 og því telur stofnunin rétt að miða við fjárfestingarstofn ársins 2010. Hins vegar verði stofn ársins 2001 áfram hafður til viðmiðunar, auk þess að vera



grundvöllur í útreikningum fjárfestinga frá árinu 2001 og eldra. Allar fjárfestingar Mílu á síðustu árum (2002-2010) eru því teknar inn í stofn fjárfestingar og því ekki um að ræða að eftir sitji birgðir í jörðu sem ekki hafi verið tekið tillit til.

PFS hafnar eins og í fyrri greiningu þeim forsendum sem Míla byggir á við mat og framreikning á fjárfestingum frá árinu 2001 og eldra og þar með niðurstöðu Mílu að framreiknuð fjárfesting nemi [...] milljörðum króna á meðalverðlagi 2010. Niðurstaða PFS er tæplega [...] milljarðar króna. Jafnframt hafnar PFS þeirri kröfu Mílu að línur í jörðu verði metnar sem birgðir frekar en að meta þær sem hluta af fjárfestingarstofni heimtauga eins og hingað til, auk þess sem miklu munar á þeim stofni sem Míla reiknar út miðað við útreikninga PFS.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða PFS að samþykkja að stofn fjárfestingar til útreiknings árgreiðslu miða við meðal verðlag ársins 2010 sé alls [...] millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu í útreikningi á árgreiðslu fjárfestingar.

### *Árgreiðsla fjárfestinga*

[...]

Árgreiðsla vegna fjárfestinga er metin [...] millj. kr. Að hluta til skiptist fjárfestingarstofninn á milli heimtauga og stofngjalda þegar viðkomandi gjaldskrá er ákvörðuð. Nánar verður fjallað um það atriði í gjaldskrárkafla hér á eftir. Einnig er ekki hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarfjárfestingu í heimtaugakerfinu og þar með árgreiðslu á milli heimtaugamarkaðar og markaðar fyrir lúkningu leigulína, enda er í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu. Gera verður þó ráð fyrir að kostnaður vegna leigulína sé að einhverju leyti hærri vegna búnaðar o.fl., en með umreikningsstuðlum yfir í línuígildi er lögð til nálgun til að vege inn þennan viðbótarkostnað vegna leigulína. Ef fjárfestingu í aðgangsnétinu er skipt niður eftir fjölda línuígilda þá tilheyra um [...]% markaði 4 (áður 11) og um [...]% markaði 6 (áður 13).

## **2.5 Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum (e. working capital)**

### **2.5.1 Kostnaðargreining Mílu**

Míla reiknar út að kostnaður vegna fjárbindingar í birgðum sé [...] millj. kr. miðað við [...]% ávöxtunarkröfu (WACC). Meðalstaða birgða hefði verið [...] millj. kr. á árinu 2010.

### **2.5.2 Afstaða PFS**

PFS vísar í úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009, dags. 15. janúar 2010, varðandi kostnaðargreiningu fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum. Í úrskurðarorðum er mælt fyrir um að PFS taki tillit til fjárbindingar Mílu í veltufjármunum sem nemi meðalstöðu birgða sem tilheyra rekstri og uppbyggingu aðgangsnetsins.



Fram kemur í erindi Mílu meðalstaða birgða sem tengjast koparkerfinu (aðgangsnetinu) hafi verið að um [...] millj. kr. á árinu 2010. Við mat á árlegum kostnaði hefur PFS tekið tillit til niðurstöðu sinnar um að WACC sé 8,75% og endurreiknað kostnaðinn í samræmi við það. Niðurstaða PFS er að kostnaður vegna veltufjárbindingar skuli metinn tæplega [...] millj. kr. á árinu 2010.

## 2.6 Línufjöldi

### 2.6.1 Kostnaðargreining Mílu

Fram kemur hjá Mílu að fjöldi lína hefur [...] frá árinu 2008. Fjöldi ígildislína, reiknaður með sömu aðferð og í fyrri kostnaðargreiningu er [...] að meðaltali á árinu 2010 og hefur [...] línúígildi eða um [...]% frá árinu 2008.

[...]

### 2.6.2 Afstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við niðurstöðu Mílu enda er hún byggð á þeirri aðferð sem PFS samþykkti í ákvörðun sinn nr. 13/2009. Fjöldi línúígilda er því metinn alls [...] fyrir árið 2010, þar af [...] eða [...]% vegna lúkningshluta leigulína (markaður 13, nú 6).

## 2.7 Stofngjöld og gjald fyrir aðgang að tengigrind

### 2.7.1 Kostnaðargreining Mílu

Eftirfarandi kom fram í erindi Mílu, 25. ágúst sl. með vísun til upphaflegra erinda, dags. 17. og 24. maí sl., [ásamt svari 22. nóvember sl.].

#### ***Breyting á stofngjöldum heimtauga***

*[Míla hefur reiknað stofngjöld heimtauga á eftirfarandi hátt:]*

[...]

*Fram kemur í tölvupósti PFS að stofnunin hefur ákveðnar efasemdir um útreikning á stofngjaldi, þar sem ekki lá fyrir kostnaður sem færður var beint í bókhald, eyrnamerkt stofngjöldum. Míla vill því koma því á framfæri að í bókhaldi er kostnaður við stofngjöld er aðallega færður á þrjár tegundir kostnaðarstöðva, línuúthlutun, tengigrindur og tengingar (þar sem vinna samstarfsaðila á tengigrindum er skráð).*

*Í töflunni hér að ofan kemur fram að gert er ráð fyrir að kostnaður vegna starfsmanna Mílu sé [...] kr. ([...] kr. pr. tengingu). Að mati Mílu er það réttmætt gjald fyrir stofngjöld*





heimtauga sé bætt við yfirstjórnarkostnaði, vinnu yfirmanns og þeirra aðila sem koma að bilunum í tengslum við flutning milli fyrirtækja.

Á árinu 2010 var bókfærður kostnaður á línuúthlutun [...] kr., en um var að ræða millifærða vinnu eingöngu. Af þessari fjárhæð eru [...] kr. kostnaður vegna starfsmanna sem eingöngu vinna við línuúthlutanir. Fjöldi stofngjalda nam [...] á árinu 2010 og er því þessi kostnaður [...] kr. pr. tengingu.

Þá er eftir að gera ráð fyrir vinnu stjórnanda, yfirstjórnarkostnað, bókanir og yfirferð reikninga og bilanir sem upp koma við færslu/stofnun á heimtaugum. Sem dæmi geta verið skráð röng heimilisföng á umsóknir og þá fer mikill tími í það að hafa samband við viðkomandi fjarskiptafyrirtæki til að greiða úr villunni. Enn fremur verða starfsmenn Mílu að hafa yfirumsjón og samskipti við samstarfsaðila varðandi tengingar samstarfsaðila, t.d. fara yfir reikninga frá þeim til að tryggja að ekki verði um ofrukkannir að ræða.

Yfirstjórnarkostnaður er um [...] % af heildarrekrarkostnaði koparheimtauga. Miðað við ofangreint er kostnaður vegna starfsmanna Mílu a.m.k. [...] m.kr.:

[...]

Kostnaður vegna yfirmanns er áætlaður [...] m.kr. en yfirmaðurinn er yfir tveimur einingum (línuúthlutun og bilunum). Gert er ráð fyrir að helmingur vinnu hans sé vegna línuúthlutunar.

Gert er ráð fyrir að vinna við bilanir í tengslum við flutning heimtauga sé vegna [...] tenginga á mánuði og [...] mínútna vinnu við hverja tengingu.

Míla fer vel yfir reikninga sem koma frá samstarfsaðilum, m.a. með því að fylgjast með því hvort fjöldi tengibeidna ber saman við fjölda innheimtra tenginga. Gert er ráð fyrir að um [...] klst. á mánuði fari í það að fara yfir þessa reikninga, bóka þá og afgreiða en þeir berast hálfsmánaðarlega.

Auk þess ætti að taka tillit til kostnaðar við rekstur NMS og ICMS. Því metur Míla [...], eins og reiknað var með í yfirliti sem sent var PFS í maí sl. hæfilegt gjald fyrir þessa þjónustu. Rétt er að benda á að telji PFS gjaldið eiga að vera lægra, hefði það einungis þau áhrif að mánaðargjald hækkar, þar sem lægri stofngjöld yrðu dregin frá kostnaðargrunni koparkerfisins.

Rétt er að geta þess að samstarfsaðilar fá greiddar [...] kr. fyrir hverja tengingu og hverja niðurtöku. Í þessum útreikningum er aðeins gert ráð fyrir [...]kr. en ekki [...] kr. eins og flutningurinn af hendi samstarfsaðila í raun kostar.

Niðurtakan er því í raun hluti af afnotagjaldi miðað við þessa reikniáðferð. Hækkun stofngjalda heimtauga miðað við óbreytt magn er því: [[...] kr. = [...] kr.].



## **Nýtt verð fyrir aðgang að tengigrindum**

### *Efniskostnaður og fjarskiptaþjónusta*

*Í bréfi sem sent var PFS þann 24. maí sl. var reiknaður kostnaður við tengigrind ranglega sagður [...] m.kr. Ástæðan er sú að áætluð stofngjöld í heild voru dregin frá kostnaðinum, í stað þess hluta stofngjaldanna sem var vegna samstarfsaðila þ.e. hlutdeild línuúthlutunar í stofngjaldinu átti ekki að vera meðtalinn, enda ekki hluti kostnaðar við tengigrindur. Kostnaðurinn var því [...] m.kr. en ekki [...] m.kr.*

[...]

*Heildarkostnaður við tengigrindur er því eftirfarandi:*

[...]

*Rétt er að benda á það að í bréfi til PFS var missagt að heildarkostnaður væri [...] m.kr. og yfirstjórnar- og stoðdeildarkostnaður væri [...] m.kr. Hið rétta er að heildarkostnaður nam [...] m.kr. og yfirstjórnarkostnaður [...] m.kr. Hlutfall yfirstjórnarkostnaðar er þó eftir sem áður [...] %.*

*Leiguverð er því [...] kr. pr. 100 línu tengihausa en ekki [...] kr.<sup>7</sup>*

*PFS telur ekki rétt að blanda saman kostnaði við upptengingu og niðurtöku við leigukostnað tengigrinda þar sem slíkur kostnaður tilheyrir stofngjöldum. Míla bendir á að ofangreindur kostnaður tenginga er ekki aðeins vegna uppsetningar og niðurtöku heldur einnig vegna breytinga, viðhalds og bilana og því ekki óeðlilegt að hluti kostnaðarins falli á leigu fyrir tengigrind og viðhald á henni. Ef PFS telur eðlilegt að þessi kostnaður tilheyrði stofngjöldum myndu stofngjöld hækka enn meira en reiknað er með og yrði stofngjald heimtauga þá [...] kr. ([...]) og leiguverð fyrir tengigrindur yrði þá [...] kr. pr. 100 línu tengihausa á mánuði.*

*Míla telur heppilegra að hafa skiptinguna eins og hún er reiknuð hér. Hækkun vegna aðgangs að tengigrind er því samkvæmt ofansögðu: [...] kr. - [...] kr. = [...] kr. á ári.*

*Húsaleiga byggir á nýrri verðskrá fyrir hýsingu skv. ákvörðun PFS nr. 41/2010. Leigan byggir á 60\*60\*220 hillueiningum og er skv. verðskrá. Í viðauka er listi fyrir leigurými, magn og verð. Í síðustu tveim dálkunum er heildarfjöldi eininga í leigu á hverjum stað.*

### **2.7.2 Afstaða PFS**

Stofngjöld fela að mestu í sér vinnu við upptengingu og niðurtöku tengihausa vegna nýtenginga og breytingar á tengingum. Mánaðarlegt aðgangsgjald að tengigrindum felur í sér

<sup>7</sup> Skýring PFS: Núverandi verð er 760 kr. Skv. útreikningum Mílu í maí sl. var niðurstaðan [...] kr., en [...] kr. í ágúst sl. í samræmi við leiðréttingu Mílu.



kostnað, aðallega húsnæðiskostnað og vinnu við upptengingar og niðurtöku tengihausa auk viðhalds tengigrinda.

Niðurstaða Mílu er að vegið meðaltal stofngjalda skuli hækka um [...] % og samhliða verði gjaldskrá einfölduð og gjaldtaka samræmd. Gjald fyrir aðgang að tengigrindum hækki jafnframt um [...] % eða úr 760 kr. í [...] kr. á mánuði.

Míla hefur lagt fram kostnaðargreiningu á stofngjöldum og leigugjöldum fyrir aðgang að tengigrindum, en kostnaður vegna þessara þátta er innifalinn framangreindum rekstarkostnaði aðgangsnetsins, auk hlutdeildar í fjárfestingu vegna tengigrinda. PFS fellst á þessu stigi ekki á að öllu leyti á forsendur um heimfærslu kostnaðar aðgangsnetsins vegna þessara þátta. PFS gerir einnig athugasemdir við skiptingu Mílu á kostnaði milli stofngjalda og aðgangs að tengigrindum þar sem óljóst er að hve miklu leyti vinna, þ.m.t. aðkeypt verktakavinna upp á [...] millj. kr., skiptist á milli upptenginga og niðurtöku annars vegar (stofngjöld) og breytinga, viðhalds og bilana hins vegar (tengigrindur). Því telur PFS rétt að framangreindir þættir hækki samsvarandi til samræmis við kostnaðarmat sem PFS samþykkir að teknu tilliti til fjölda eininga og núverandi gjaldskrá.

PFS getur fallist á að [...] millj. kr. af kostnaði aðgangsnetsins vegna tengigrinda og tenginga tilheyri þessum þáttum sameiginlega vegna innri og ytri sölu. Um er að ræða um [...] millj. kr. rekstarkostnað á ári vegna eigin og aðkeyptrar vinnu, húsnæðiskostnaðar o.fl., auk hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði, en metinn fjárfestingarkostnaður er [...] millj. kr. á ári vegna tengigrinda.

Kostnaður aðgangsnetsins lækkar sem nemur ytri sölu, en eigin notkun Mílu vegna aðgangs að tengigrindum er innifalinn í kostnaði aðgangsnetsins og er þar með hluti heimtaugaleigugjaldsins. Alls eru tengihousar á tengigrindum [...] stk., en þar af er Míla sjálf með um [...] tengihousa sem eru að lang stærstum hluta vegna tenginga á jarðsímahlíð tengigrinda. Kostnaður vegna framangreindra tengihousa Mílu tilheyrir heimtaugaleigu en ekki leigu fyrir aðgang að tengigrindum. Hluti Mílu er metinn um [...] millj. kr. af árlegum kostnaði, en ytri sala um [...] millj. kr. sem dregst frá kostnaði aðgangsnetsins þegar heimtaugaleiga er reiknuð.

Niðurstaða PFS felur í sér um 19% meðalhækkun tekna félagsins af stofngjöldum og aðgangi að tengigrindum á ársgrundvelli að öðru óbreyttu.

Tekjur af stofngjöldum hækka úr um [...] millj. kr. í um [...] millj. kr. PFS fellst á tillögu Mílu um einföldun á gjaldskrá stofngjalda og fækkun á gjaldaliðum. Stofngjald vegna nýttenginga og flutnings heimtauga verður **3.166 kr.** í stað mismunandi gjalda á bilinu 2.040 kr. til 5.105 kr. í dag.

Ytri tekjur af leigu fyrir aðgang að tengigrindum hækka úr tæplega [...] millj. kr. í um [...] millj. kr. á ársgrundvelli að öðru óbreyttu. Mánaðarverð fyrir 100 línu tengihousa hækkar úr 760 kr. í **905 kr.** eða um 19%.

Ljóst er að vinna þarf frekar í að móta reglur um heimfærslu á kostnaði vegna tengigrinda og tenginga. PFS hefur það í huga við mat sitt á kostnaðinum og er matið því varfærið að þeim sökum. Við næstu endurskoðun á kostnaðargreiningu fyrir heimtaug, stofngjöld og aðgang að



tengigrindum telur PFS rétt að nánari greining verði gerð á heimfærslu og skiptingu kostnaðar vegna stofngjalda og aðgangs að kopartengigrindum.

### 2.7.3 Breyting á gjaldskrá stofngjalda

Eftirfarandi kemur fram í svari Mílu vegna fyrirspurnar PFS, dags. 7. júlí 2011, [...]

### 2.7.4 Afstaða PFS

PFS fellst á skýringar Mílu við fyrirspurn PFS og telur stofnunin jafnframt til bóta að einfalda verðskrá félagsins vegna stofngjalda.

Eitt gjald verði innheimt hvort sem um er að ræða aðgang að tengingu, flutnings númers eða nýttengingu. Sérstakt stofngjald vegna nýttenginga verði fellt brott, en tilheyri þess í stað almennu stofngjaldi heimtaugar.

Ný verðskrá fyrir stofn- og flutningsgjöld verður með eftirfarandi hætti. Verðskrá er í samræmi við framangreinda tillögu Mílu og breytingar PFS á verði Mílu.

<i>Kafli nr.</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Verð kr./tenging</i>
<b>7.1</b>	<b>Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
	Heimtaug - flutningur númers	3.166
<b>7.2</b>	<b>Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
<b>7.3</b>	<b>Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
<b>7.4</b>	<b>Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug</b>	
	Flutningur þj. á aðra heimtaug	3.166

## 2.8 Samandregin niðurstaða

### 2.8.1 Kostnaðargreining Mílu

Niðurstöður Mílu komu fram í kostnaðargreiningu, dags. 25. ágúst sl. auk svars Mílu 22. nóvember sl., en upphaflega sendi Míla inn erindi, dags. 18. og 24. maí sl. vegna breytinga á gjaldskrá stofngjalda og aðgangs að tengigrind.

Helstu meginforsendur Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á rekstri ársins 2010, en tekið er tillit ákvörðunar PFS um aðstöðuleigu í útreikningum á húsnæðiskostnaði.
- Fjárfestingar voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags 2010.



- Einingarfjöldi er miðaður við meðalfjölda ársins 2010.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) er [...] %.

## Heimtaugaleiga

Niðurstaða Mílu er eftifarandi í útreikningi á heimtaugaleigu:

[...]

Niðurstaða Mílu er hækkun á grunnverði heimtaugaleigu um [...] % eða úr 920 kr. í [...] kr. á mánuði. Fullur aðgangur hækkar úr 1.223 kr. í [...] kr. á mánuði.

Fram kom hjá Mílu að í útreikningunum hér að ofan væri gert ráð fyrir hækkun á stofngjöldum heimtauga og aðgangi að tengigrind í samræmi við ósk Mílu þar að lútandi. Samkvæmt þessu er heildarkostnaður Mílu [...] millj. kr., en [...] millj. kr. hafni PFS beiðni Mílu um hækkun stofngjalda og aðgangi að tengigrind.

Niðurstaða kostnaðargreiningar Mílu sýnir hækkunarþörf á koparheimtaug í [...] kr. á mánuði sé fallist á beiðni Mílu um hækkun á stofngjaldi heimtauga og aðgang að tengigrind, en annars [...] kr. á mánuði.

## Stofngjöld og gjald fyrir aðgang að tengigrind

Með vísun til kafla 2.7 þá er niðurstaða Mílu um stofngjöld og gjald fyrir aðgang að tengigrind eftifarandi:

- Eitt verð gildi fyrir stofngjöld [...] kr. á tengingu.
- Leiguverð fyrir aðgang að tengigrind sé [...] kr. pr. 100 línu tengihausa á mánuði.

### 2.8.2 Afstaða PFS

Í framangreindri kostnaðargreiningu er byggt á sögulegum kostnaði ársins 2010. Kostnaðargreiningin nær til aðgangs að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang, aðgangs að aðstöðu og einskiptisgjöld tengdum koparheimtaug. Kostnaðargreining þessi nær ekki til ljósnetts Mílu enda er sú þjónusta ekki bundin kvöðum, a.m.k. ekki enn sem komið er. Það er mat PFS að sá grunnur sem lagður var í kostnaðargreiningum sem gerðar voru á árunum 2002 og 2009 séu grundvöllur hinnar nýju gjaldskrár.

Fram kom hjá Mílu að verulegar hækkunir verðlags frá árinu 2008 hefi valdið því að rekstur félagsins er orðinn óhagkvæmari vegna aukins fjárfestingarkostnaðar, þrátt fyrir lækkun rekstrarkostnaðar. Því væri þörf á að hækka gjaldskrá sem fyrst. Míla lagði fram útreikninga sem byggjast á rekstrarárinu 2010. Niðurstaða Mílu er að heimtaugaleiga skuli hækka um 4,7%, stofngjöld um 25% m.v. vegið meðaltal og gjald fyrir aðgang að kopartengigrind skuli hækka um 68%.

PFS samþykkir kostnaðargreiningu Mílu vegna heimtaugaleigu hvað varðar rekstrarkostnað, fjölda línúgilda og fjárbindingar í veltufjármunum, en gerir eftirfarandi breytingar á ávöxtunarkröfu fjármagns, mati á fjárfestingum og birgðum í jörðu.

Míla miðar við framreiknaðan stofn fjárfestinga frá árinu 2002 til meðalverðlags ársins 2010 alls [...] millj. kr., eins og PFS gerði í síðustu kostnaðargreiningu á árinu 2009. Sé miðað við útreikninga sem Míla telur eðlilega að nota, þ.e. tekið sé tillit til raunfjárfestinga áráanna 2002 til 2010 er stofninn [...] milljarðar kr. en ekki [...] milljarðar kr. Að mati Mílu væri því um fjárbindingu upp á [...] milljarða kr. að ræða sem Míla fengi engar tekjur af og fer Míla fram á að kostnaður vegna þeirra verði metinn eins og um birgðir væri að ræða. PFS mat stofn fjárfestinga hagkvæman í greiningu sem gerð var árið 2002, m.t.t. fjölda lína í notkun á þeim tíma og skapaði þar með þann grunn sem aðferðarfræði útreiknings gjaldskrár byggir enn á. Samkvæmt útreikningum PFS er stofn fjárfestinga Mílu á árinu 2010 um [...]% frá framreiknuðum stofni ársins 2001 eða [...] millj. kr. og því telur stofnunin rétt að miða við stofn ársins 2010. Hins vegar verði stofn ársins 2001 áfram hafður til viðmiðunar, auk þess að vera notaður til að reikna út fjárfestingar áráanna 2001 og eldra. Allar fjárfestingar Mílu í koparheimtauganeti á síðustu árum eru því teknar inn í fjárfestingastofninn og því ekki um að ræða að eftir sitji línur í jörðu sem ekki er tekið tillit til. PFS telur því ekki forsendur fyrir kröfu Mílu, auk þess sem stofnunin samþykkir ekki aðferðarfræði Mílu um meðhöndlun kostnaðar vegna ónýttar lína í jörðu.

Míla miðar við vegið meðaltal fjármagns sé [...]% sem sé í samræmi við aðferð PFS. Eins og fram kemur hér að framan hefur PFS ákveðið að miða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) fyrir Mílu við 8,75% vegna ársins 2010. Mismunur á milli niðurstöðu PFS og Mílu skýrist af mismunandi gildum en ekki á aðferðarfræði.

Míla miðar við að tekið sé tillit til fjárbindingar í birgðum félagsins í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þess efnis. PFS gerir viðeigandi breytingu í samræmi við [...] WACC hlutfall.

Míla lagið fram kostnaðargreiningu fyrir einskiptisgjöld (stofngjöld) og leigugjöld vegna aðgangs að kopartengigrindum, sem byggir á rekstri ársins 2010 að teknu tilliti til ákvörðunar PFS nr. 41/2010 um verðskrá fyrir aðstöðuleigu. PFS hefur greiningu Mílu til hliðsjónar, en samþykkir ekki á þessu stigi að öllu leyti þá aðferð sem Míla beitir við að skipta kostnaði á milli stofngjalda annars vegar og leigu á aðstöðu í tengigrindum hins vegar. Niðurstaða PFS er að metinn kostnaður vegna framangreindra þátta nemi alls [...] millj. kr., sem orsakar að hækka þarf gjaldskrá stofngjalda og aðgangs að kopartengigrind um [...]% að meðaltali miðað við núverandi gjaldskrá.

PFS er ljóst að ekki er hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarkostnaði aðgangsnetsins á milli markaða 11 (heimtaug) og 13 (lúkning leigulína), enda er í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu. Gera verður þó ráð fyrir að kostnaður vegna leigulína sé að einhverju leyti hærri vegna búnaðar o.fl., en með umreikningsstuðlum yfir í línúgildi er lögð til nálgun til að vega inn þennan viðbótarkostnað vegna leigulína. Þegar heildarkostnaði aðgangsnetsins er skipt niður eftir meðalfjölda línúgilda ársins 2008 þá tilheyrir [...]% markaði 11 og [...]%



markaði 13. Jafnframt er tekið tillit til hlutdeildar stofngjalda og vegna tengigrinda í kostnaði aðgangsnetsins þegar verð fyrir heimtaugaleigu væri reiknað.

### Heimtaugaleiga

Í samræmi við eftirfarandi útreikninga hefur PFS í hyggju að ákvarða grunnverð heimtaugar **959 kr.** á mánuði, verð fyrir skiptan aðgang **317 kr.** á mánuði og því er verð fyrir fullan aðgang að heimtaug **1.276 kr.** á mánuði, byggt á kostnaðargrunni ársins 2010, sbr. eftirfarandi útreikninga. Um er að ræða 4,3% hækkun frá núverandi gjaldskrá. Verðum í Viðauka 1a (grunnþjónusta) í samningi Mílu um opinn aðgang að heimtaugum verði breytt til samræmis.

PFS hefur gert verðsamanburð á ofangreindri niðurstöðu um verð fyrir fullan aðgang að heimtaugum við gjaldskrár á EES-svæðinu og er verð Mílu undir meðaltali verða á svæðinu. Framangreint bendir til þess að kostnaðargreind verð Mílu sem byggjast á sögulegum kostnaði endurspegli hagkvæmt rekið koparheimtauganet. Því telur PFS ekki þörf að beita annarri kostnaðargreiningaraðferð eða verðsamanburði við ákvörðun heimtaugaverðs.

[...]

### Stofngjöld

Í samræmi við umfjöllun í kafla 2.7 er stofngjald heimtaugar (þ.m.t. nýtinging), gjald fyrir flutning númers og gjald fyrir flutning þjónustu yfir á aðra heimtaug **3.166 kr.** á tengingu án vsk. hvort sem um er að ræða heimtaug, skiptan aðgang eða fullan aðgang. Gjaldaliðurinn „Heimtaug – stofngjald nýtinging“ fellur niður. Um er að ræða 19% verðhækkun miðað við vegið meðaltal núverandi gjaldskrár og magn ársins 2010.

Eftirfarandi verð í 7. kafla Viðauka 1a í samningi Mílu um opinn aðgang að heimtaugum (RUO) breytast með eftirfarandi hætti.

<i>Kafli nr.</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Verð kr./tenging</i>
<b>7.1</b>	<b>Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
	Heimtaug - flutningur númers	3.166
<b>7.2</b>	<b>Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
<b>7.3</b>	<b>Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug</b>	
	Heimtaug - stofngjald	3.166
<b>7.4</b>	<b>Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug</b>	
	Flutningur þj. á aðra heimtaug	3.166



### **Gjald fyrir aðgang að kopartengigrind**

Í samræmi við umfjöllun í kafla 2.7 er verð fyrir aðgang að tengigrind **905 kr.** á mánuði fyrir hverjar 100 línur. Um er að ræða 19% hækkun á núverandi gjaldskrá.

Verð í kafla 1.5 í Viðauki 2 (verðskrá) með viðmiðunartilboði Mílu um hýsingar breytist til samræmis.





## Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Mílu ehf., dags. 25. ágúst 2011, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari.

- Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug skal vera kr. 1.276 krónur á mánuði án vsk. Þar af skal grunnverð (neðra tíðnisvið) vera kr. 959 krónur og verð fyrir skiptan aðgang (efra tíðnisvið) vera kr. 317 krónur.
- Stofngjald heimtaugar, gjald fyrir flutning númers og gjald fyrir flutning þjónustu yfir á aðra heimtaug skal vera 3.166 krónur á tengingu án vsk.
- Verð fyrir aðgang að tengigrind skal vera 905 krónur á mánuði án vsk. fyrir hverjar 100 línur.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012, enda tilkynni félagið leigutökum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara miðað við mánaðamót, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1/2009 varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir opinn aðgang að heimtaugum. Að öðrum kosti frestast gildistaka verðskrárbreytingarinnar þar til félagið hefur uppfyllt umrætt ákvæði viðmiðunartilboðsins.

Míla skal uppfæra viðmiðunartilboð fyrir opinn aðgang að heimtaugum eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. nóvember 2011.

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Þórðarson